

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Skýrsla Svæðisstjóra Óðinssvæðis Á Svæðisráðstefnu haldin á Siglufirði 25 Apríl 2015

Ágætu fulltrúar og ráðstefnugestir

Ég vil í stuttu máli greina frá viðburðum í starfi svæðisstjóra frá síðustu ráðstefnu er haldin var 1. nóvember.

Sú ráðstefna tókst með ágætum og var afar gaman að sjá og finna samtakamátt svæðisins í mætingunni og jafnframt mætingunni á árshátíðina um kvöldið. Það var skemmtun sem endurtaka þarf á ári hverju.

Það hefur verið sönn ánægja að starfa með ykkur á þessu starfsári og í rauninni mikil gleði, sérstaklega að finna kraftinn í öllu starfi hvort sem klúbbur er lítill eða stór.

Ég lagði upp með það s.l. haust að heimsækja alla klúbba á þeirra heimavöll einu sinni eftir áramótin og hefur mér tekist það hér um bil. Veðrið hefur ekki verið mér hliðhollt í vetur og hef ég tvívegis hætt við för á Siglufjörð og bæði á Húsavík og Vopanfjörð hafðist heimsókn í þriðju tilraun. Á ég eftir að heimsækja Skjöld og Herðubreið á þeirra heimafund og tekst mér það vonandi áður en starfsári líkur.

Nú síðast heimsótti ég Grím í Grímsey og þar er engum í kot vísað. Frábær ferð og lenti ég í spánarveðri eftir afar stormasamt flugtak á Akureyri. Blanka logn með yfir 15 stiga hita í baðandi sól. Fundur þar um kvöldið var frábær og svo var maður nánast borinn eða keyrður út og suður allt þar til ferjan fór frá bryggju.

Ekki þarf að kvarta yfir heimsóknunum í aðra klúbba og eru þessar heimsóknir eldsneyti á þá drifvél er rekur mig áfram í mínu starfi. Vopnafjarðarferðin var einstök og fóru 3 Herðubreiðafélagar með þangað austur. Þorrafundur hjá Kaldbak, sameiginlegur fundur Emblu og Skjaldar og opni fundurinn á Húsavík. Allt frábært og ber enn og aftur merki um virkni í starfi.

Ég hef frá upphafi verið í afar góðu sambandi við alla forseta í svæðinu og boðið fram aðstoð ef þurfa þótti. Samband hefur verið gott og gagnlegt og vona ég að það hafi verið á báða bóga.

Gaman hefur verið að fylgjast með grundvallar breytingu á starfsháttum Skjálbandafélaga og hef ég þá tilfinningu að þar muni fjölga nokkuð ört með tímanum, þar sem kynningafundir hafa verið fjölsóttir og áhugi margra að mæta áfram á fundi klúbbsins.

Til hamingju Benni og félagar.

Sem fyrr hefur mikið farið fyrir umtali um fjölgun og brýnt fyrir klúbbum að ná í nýja félaga. Það er hinsvegar öllum ljóst að slíkt gerir enginn utanaðkomandi, hvorki fulltrúar frá Umdæmisstjórn né örðum klúbbum, slíka vinnu þarf að gera heima í hverjum klúbbi.

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Víða eru staðhættir og annað þess valdandi að örðugt er að nálgast nýja meðlimi vegna mannfæðar og fl.

Fjölgun hefur hinsvegar verið nokkur í svæðinu á starfsárinu eða 12 og von er á 3 – 8 áður en starfsárið er á enda, en einnig hafa félagar horfið á braut bæði látist og sagt sig úr svo að raunfjölgun er einungis 5 sem komið er.

Ef við náum inn þeim er bíða í dyragættinni þá getum við sátt verið í svæðinu þó svo alltaf sé gaman og gott að fjölga.

Gott dæmi um vel heppnaða fjölgun er hjá Grími í Grímsey. Þar geislar af hinum nýju félögum og hafa þeir tekið að sér og skapað hin ýmsu fjáröflunarverkefni og unnið að starfinu af mikilli gleði og dug. Hversu góð er svona innspítung í félagsstarf og hvað þá þegar yngsti nýji félaginn er yngri en 20 ára og þess ber einnig að geta að yngsti forseti hreyfingarinnar fyrr og síðar á næsta ári er einungis 23 ára og heitir Bjarni Gylfason í Grími Grímsey Það má sjá slíkt í Drangey þar sem 3 ungir félagar hafa bæst í hópinn og væntanlegur kjörforseti þar er ef yngri kynslóðinni.

Kaldbakur tók inn 2 unga féлага og svona má sjá nánast í hverjum klúbbsi.

Þetta er nauðsyn til að yngja upp í hreyfingunni, skapa breytt andrúmsloft og nútímavæða starfið.

Stóra verkefnið okkar verður svo Kiwanishátíðin á Akureyri dagana 2. og 3. maí. Þar verður helst öllu tjaldað er til er og sýning í myndum og ritmáli frá klúbbum í svæðinu ásamt umdæminu og 100 ára afmæli heimshreyfingarinnar.

Þar verður heljarinnar uppákoma í tengslum við hjálmaafhendingu í Eyjafirði og sjá hjálmanefndir þeirra Emblu, Gríms og Kaldbaks um þann þátt.

Er það von mín að við getum vakið hraustlega athygli á okkur og hreyfingunni og kanski vakið áhuga einhverra að ganga til liðs við okkur í svæðinu.

Vinna fyrir samfélagið hefur verið afar mikil í svæðinu og vinnuframlag til öflunar fjár í styrktarsjóð verið einnig mikil.

Tók ég saman til gamans framlagðar vinnustundir í svæðinu, safnað fé í styrktarsjóð og veittir styrkir eða gjafi það sem af er starfsárinu.

Unnar hafa verið 1.869 vinnustundir

Safnað hefur verið 19.670.901.- í styrktarsjóð

Gefið hefur verið 23.838.351.- í formi styrkja eða gjafa

Má hér sjá hversu öflut starf er unnið af öllum klúbbum svæðisins.

Meðaltals mæting á klúbbfundi í vetur er 71.76 % og má það teljast gott

Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Eflum starf og vináttu.

Mætingaviðurkenningar á fundi í aðra klúbba eru 125

Að endingu vil ég af alhug þakka frábært samstarf og samvinnu á starfsárinu, svona starfi sinnir enginn einn maður heldur er það heildin sem skapað hefur þann kraft og þá umgjörð er Óðinssvæði hefur að bera.

Verum jákvæð og vinnum saman þá mun okkur farnast vel í framtíðinni

Hafið þökk fyrir lærdómsríkt samstarf og að umbera mig og allar stafssetninga villurnar á starfsárinu

Eftir höfðinu starfa limirnir...

Með Kiwaniskveðju

Ólafur Jónsson Svæðisstjóri Óðinssvæðis 2014 -2015